



Framkvæmdir vegna jarðvinnu, lagning kaldavatslagnar og lokun á umferð við Eiríksgötu 20.–24. ágúst


Þær framkvæmdir sem standa yfir eru eftirfarandi:

1. Bílastæðareitur A – norðan megin við BSÍ reit (sjá kort)



- Gerð bílastæða og er verið langt komið. Búið að jarðvegsskipta en yfirborðsfrágangur er eftir og hefst á næstu dögum.
- Engar takmarkanir á umferð að og frá svæðinu eins og er en tengingar frárennslislagna út í götur við BSÍ mun takmarka þar umferð síðar í mánuðinum.

2. Lagning kaldavatslagnar frá Eiríksgötu og inn í aðalbyggingu (sjá kort)



- Vinna gengur vel við uppgröft og að leggja nýja lögn. Lokað verður fyrir umferð um Eiríksgötu 20.–24. ágúst á bilinu ofan við innkeyrslu inn að Landspítala við Eirberg og neðan við innkeyrslu að eldhúsi LSH (sjá mynd)

3. Grafið fyrir „Neðstu götu“ sunnan við Læknagarð og vesturhluta „Neðri götu“ við Vatnsmýrarveg.

Búið er að grafa og fylla í vestasta götustubb neðri götu út við Vatnsmýrarveg (sjá svæði 3a á skýringarmynd) og verið er að grafa fyrir „Neðstu götu“ sunnan Læknagarðs (sjá svæði 3b á skýringarmynd).


Þessar framkvæmdir hafa ekki áhrif á umferð eða starfsemi LSH en brottflutningur efnis sunnan af Læknagarði hefur aðeins haft áhrif á bílastæði við Læknagarð (HÍ) en verið er að breyta því til að minnka áhrifin.

4. Bílastæðin við Geðdeild Landspítala

Undirbúningur fyrir tengingu frá Geðdeildar bílastæðum út á Eiríksgötu hófst í vikunni og mun þessi tenging verða unnin og kláruð á næstu tveimur vikum. Sjá svæði 4 á skýringarmynd.

Skýringarmynd

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir standa yfir.



Akstursleið — Gönguleið — Í vinnslu — Varnargirðing

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið olafur.b@fsr.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644

stefanh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

